

Ár 1976, þriðjudaginn 27. apríl, var í málinu nr. 9/1974
kveðinn upp af Yfirfasteignamatsnefnd svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

Í árslok 1973 var birt niðurstaða aðalmats á fasteignum
síldarsöltunarástöðva og síldarbræðslna á Austurlandi og
Norðurlandi í samræmi við fyrirvara af hálfu Yfirfasteigna-
matsnefndar við staðfestingu aðalmats fasteigna á árinu 1971.
Með mati millimatsmanna frá því í desember 1974, var mati á
tilteknum fasteignum Síldarverksmiðja ríkisins á Siglufirði
breytt til hækkunar frá því, sem var í aðalmati, en þetta mat
millimatsmanna var kært til Yfirfasteignamatsnefndar af hálfu
Síldarverksmiðja ríkisins með bréfi frá 23. desember 1974.
Samkvæmt úrskurði Yfirfasteignamatsnefndar frá 10. febrúar
1976, höfðu ekki verið leiddar í ljós neinar þær breytingar á
verðmæti umræddra fasteigna, sem vörðuðu þær svo sérstaklega,
að heildarmat á þeim ætti að fara fram á ný samkvæmt 2. tl.
21. gr. laga nr. 28/1963 um fasteignamat og fasteignaskráningu.
Hins vegar var í úrskurði þessum talið eðlilegt, að fasteigna-
mati yrði breytt í samræmi við efnislegar breytingar á eignum
þessum, er væri að rekja til þess, að þær hefðu verið endur-
bættar eða gengið úr sér, svo um munaði.

Í samræmi við ofangreindan úrskurð Yfirfasteignamats-
nefndar, hefur fasteignamat ríkisins gert breytingar á mats-
verði umræddra fasteigna í samræmi við efnislegar breytingar á
eignunum, er orðið höfðu frá því, sem miðað var við í aðalmati.
Siglufjarðarkaupstaður hefur í bréfi frá 16. marz 1976 kært mat
þessara fasteigna til hækkunar. Samkvæmt nógildandi lögum um
fasteignamat og fasteignaskráningu, 22. - 23. gr., sbr. 15. gr.,
hafa sveitarfélög ekki almenna heimild til að kæra fasteignamat.
Ber því að vísa kæru þessari frá.

Ú R S K U R Ð A R O R Ð :

Vísað er frá ofangreindri kæru Siglufjarðarkaupstaðar frá
16. marz 1976.

Gaukur Jörundsson

Torfi Ásgeirsson

Pálmi Jónsson